

Mánudaginn 24. septembermán.

Nr. 17/1888.

Egill Egilsson  
gegn  
Landsbankanum.

## D ó m u r :

Samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 5. nóvembermán. 1877, fjekk Gísli skólakennari Magnússon 240 kr. að láni hjá sparisjóði í Reykjavík með þeim skilmálum, að hann átti að greiða 5% árlega vexti af láninu fyrir fram fyrir hvert missiri, í fyrsta sinni hinn 11. desbr. 1877, og að endurborga höfuðstólinn hinn 11. desbr. 1879. Auk þess skuldbatt hann sig til að greiða 2 af hundraði sem viðbótarvexti auk hinnar umsömdu leigu, svo framarlega hann eigi greiddi hina áskildu vexti eða höfuðstólinn á gjalddaga rjettum. Áfrýjandinn, Egill Egilsson, tók að sjer ásamt öðrum manni að ábyrgjast skilvísa greiðslu skuldar þessarar og vaxta, svo sem hún hvíldi á hvorum þeirra sjerstaklega, og er skuldbindingarloforð ábyrgðarmannanna ritað á skuldabréfið. Sumarið 1878 ljezt Gísli Magnússon, án þess að hann þá væri búinn að endurborga lán þetta, og eigi hafði hann greitt vexti þá af láninu, er lúkast áttu hinn 11. desbr. 1877 og 11. júní 1878. Sparisjóðurinn lýsti skuldinni í dánarbúi hans, og var úr því greitt upp í hana hinn 3. febr. 1882 32 kr. 60 aur. Síðan virðist þessu skuldamáli eigi hafa verið hreift á neinn hátt fyrr en í síðastliðnum marzmánuði, en þá krafði stjórn landsbankans áfrýjandann um greiðslu á skuldinni, er var orðin eign tjeðs banka. Þegar áfrýjandinn eigi vildi greiða skuldina eptir þessari áskorun, var mál höfð-

að á móti honum af hálfu landsbankans, og var það dæmt í gestarjetti Reykjavíkurkaupstaðar hinn 14. maímán. þ. á. á þá leið, að áfrýjanda var gjört að greiða landsbankanum 207 kr. 40 aur. með 6% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og enn fremur 7% vexti af 240 kr. frá 11. desbr. 1877 til 11. desbr. 1878 og 5% vexti af sömu upphæð frá síðarnefndum degi til 3. febrúarmán. 1882; málskostnaður var látinn falla niður. — Dómi þessum hefur E. Egilsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 24. maímán. þ. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að landsbankinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað bæði fyrir undirjetti og yfirdómi. Á hinn bóginn hefur stjórn landsbankans gagnáfrýjað málinu með stefnu, út gefinni 22. júníman. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að greiða landsbankanum 207 kr. 40 aur., vexti 7% p. a. af 240 kr. frá 11. desbr. 1877 til 3. febrúar 1882, og af 207 kr. 40 aur. frá 3. febr. 1882 til kærudags, og 8% af þessari upphæð frá kærudegi til borgunardags, svo og málskostnað að minnsta kosti 100 kr., en til vara hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða að minnsta kosti 60 kr. í málskostnað.

Sýknu-ástæður aðaláfrýjanda í málinu eru þessar, að lánið hafi upprunalega að eins verið veitt til tveggja ára og hafi engin heimild verið til þess að lengja lánstímann, að minnsta kosti eigi með rjettarverkun fyrir ábyrgðarmennina, að lánþegi hafi eigi borgað áskilda vexti 11. desbr. 1877 nje 11. júní 1878, og hafi þó lánið verið látið standa, og að eigi hafi verið

nógsamlega gætt rjettar ábyrgðarmannanna við skiptin á búi Gísla heitins Magnússonar, og hafi þeim ekki einu sinni verið gjört aðvart um skiptafundi, eins og þeim eigi heldur af hálfu sparisjóðsins hafi verið gjört kunnugt um lát Gísla, um uppskrift á búi hans, sölu á því, nje skiptalok. — Um þessar ástæður er það að athuga, að með því að lántakandi Gísli Magnússon dó, áður en hinn umsamdi lántökutími var liðinn, hefur lánið eigi verið endurnýjað, og má sjá það í málsskjölunum, að krafa um borgun á láninu hefur komið fram í búi Gísla, er mun hafa verið tekið til skipta þegar skömmu eptir lát hans; það er því eigi rjett skoðað, að lánveitandi hafi lengt lántökutímann; að eptir skuldabrfjefinu var það eigi skylda sparisjóðsstjórnarinnar gagnvart ábyrgðarmönnum, að segja upp láninu og innheimta það, svo framarlega vextir eigi yrðu greiddir á ákveðnum tíma, en að þetta að eins heimilaði leiguhækkun, og að engin rök eru sýnd fyrir því, að eigi hafi verið nógsamlega gætt rjettar sparisjóðsins, og þar með einnig ábyrgðarmannanna, við skipti á búi Gísla Magnússonar, enda var sjálfum ábyrgðarmönnum innan handar að mæta við skiptin eptir *proclama*, ef þeim hefði þótt þess þörf. En nú er það enn fremur komið fram í málinu, að frá því að Gísli Magnússon ljezt og þangað til síðastliðið vor hafi stjórn sparisjóðsins alls eigi gjört aðaláfrýjanda aðvart um, hvað eptir stæði ógreitt af skuldinni, því síður krafði hann um greiðslu á eptirstóðvunum, en þetta getur þó eigi að lögum leitt til þess, að hann geti losazt við að greiða eptirstöðvar hins upprunalega höfuðstóls, enda er ábyrgðarskuldbindingin skýlaus og ótviræð í þessu

efni, en ekkert er upplýst um það í málinu. að dráttur þessi hafi það í för með sjer, að aðaláfrýjandi geti eigi náð endurgjaldi í rjettu hlutfalli hjá meðábyrgðarmanni sínum. Og með því að eigi heldur er ástæða til þess að álíta, að sparisjóðsstjórnin hafi eptirgefið rjett sinn til skuldarinnar gagnvart aðaláfrýjanda með því að láta dragast að krefja hann um svo langan tíma, þá verður eptir skýlausum fyrirmælum ábyrgðarskuldbindingarinnar að dæma hann til að greiða eptirstöðvar skuldarinnar, 207 kr. 40 aur.—En þó að yfirdómurinn komist að þessari niðurstöðu að því er höfuðstól skuldarinnarsnertir, sem ákveðinn var í sjálfu skuldabryjfinu, þá er þó öðru máli að gegna um hina umkröfðu vexti. Það er rjett í gestarjettardóminum, að sparisjóðsstjórnin gat eigi eptir að skiptum í búi Gísla Magnússonar var lokið þyngt skuldarábyrgðina með því að ganga eigi eptir skuldinni, og láta vexti hlaðast á lánið, en í þessu efni virðist eigi vera ástæða til að gjöra greinarmun á þessum vöxtum og vöxtum þeim, er áfallnir voru áður en skiptum búsin var lokið. Vextina átti skuldunautur að greiða fyrir fram; um greiðslufall á þeim var ábyrgðarmönnunum eigi gefin tilkynning, en vel má vera, að þeir þá þegar hefðu greitt skuldina, ef það hefði verið gjört. Samkvæmt framanrituðu verður aðaláfrýjandi að eins dæmdur til að greiða auk höfuðstóls-eptirstöðvanna vexti af þeim frá gestarjettarstefnu degi 21. apríl þ. á. 6% að upphæð, en málskostnaður verður eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Aðaláfrýjandi, E. Egilsson, á að greiða gagn-áfrýjanda, landsbankanum. 207 kr. 40 aur., með vöxtum 6 af hundraði frá 21. aprílmán. þ. á., unz greitt er að fullu. Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 18/1888.

Sigurður Jónsson  
 gegn  
 Landsbankanum.

#### Dómur:

Sök þessi er í hjeraði höfðuð af stjórn landsbankans gegn áfrýjandanum, Sigurði járnsmið Jónssyni, til þess að fá hann skyldaðan til að greiða skuld, að upphæð 172 kr. 83 aur., er eptir stendur af láni Gísla heitins Magnússonar latínuskólakenuara, sem hann fjekk hjá sparisjóði Reykjavíkur hinn 1. desbr. 1877 og upprunalega var 200 kr. að upphæð. Áfrýjandinn gekk í ábyrgð fyrir láni þessu ásamt öðrum maani svo sem sinni eigin skuld, og er ábyrgðar-skuldbindingin rituð á skuldabryfið. Lánið var fengið til tveggja ára, og átti að ávaxtast með 5 af hundraði á ári, er greiða skyldi fyrir fram fyrir hvert missiri, í fyrsta sinni 11. desbr. 1877. Ef svo skyldi reynast að vextir eða höfuðstóll eigi yrði greitt á ákveðnum gjaldkögum, var áskilið að skuldunautur ætti að greiða viðbótarvexti, 2 af hundraði, unz rjett